



## Jafnréttisnefnd

### FUNDUR – 29. júlí 2009

Fundur haldinn í Jafnréttisnefnd Blönduósbæjar miðvikudaginn 29. júlí 2009 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum.

#### Dagskrá:

1. Farið yfir jafnréttisáætlun
2. Önnur mál

#### Afgreiðslur:

1. Jófríður Jónsdóttir setti fund. Farið var yfir jafnréttisáætlun samþykkt af bæjarstjórn 12. september 2006. Eftirtaldir tillögur að breytingum voru samþykktar:
  - a) vísað í Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008
  - b) í kafla um **framkvæmd og umfang** skal standa „Jafnréttisnefnd fer með jafnréttismál sveitarfélagsins og skal vinna að því að jafna stöðu kynjanna í fyrirtækjum og stofnunum bæjarins ásamt því að vera ráðgefandi í stefnumótun.“
  - c) í kafla um **kynningu** skal standa „Jafnréttisáætlun þessa skal kynna fyrir stjórnendum sveitarfélagsins, kjörnum fulltrúum og embættismönnum. Jafnréttisáætlun Blönduósbæjar skal kynnt íbúum sveitarfélagsins, stofnunum og fyrirtækjum. Leitast skal við að hafa kynningarefni um jafnrétti aðgengilegt í stofnunum innan sveitarfélagsins.
  - d) í kafla um **endurskoðun** skal standa „Áætlun þessi skal reglulega yfirfarin af jafnréttisnefnd.“

Oddnýju falið að endurrita jafnréttisáætlun samkvæmt ofanskráðu og senda nefndarmönnum til yfirlestrar.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 17:00

*Oddný María Gunnarsdóttir*

*Jófríður Jónsdóttir*

*Valbjörn Steingrímsson*